

Erindi til bæjarráðs frá stýrihóp uppbyggingar leik- og grunnskóla Reykjanesbæjar

Stýrihópurinn hefur fundað varðandi málefni leikskóla og sér í lagi horft til leikskólaplássa fyrir börn í sveitarfélaginu.

Tíðrætt hefur verið um Skólaveg 1 sem útibú frá leikskólanum Tjarnasel og eftir rýningu á húsnæðinu er áætlað að húsið rúmi 20-25 börn auk starfsmanna aðstöðu.

Nú liggur fyrir kostnaðarmat á verkefninu en heildarkostnaður með vsk. er tæpar 42 milljónir. Þó er ekki inni í þeirri upphæð kostnaður við leiktæki, girðingu og innanstokksmuni en gera má ráð fyrir að með því geti verkið kostað um 60 milljónir sem er í takt við það sem áður hefur verið rætt.

Á fundi okkar þann 24. ágúst kom fram að biðlisti barna eftir leikskólaplássi í sveitarfélaginu telur alls 22 börn. Greining biðlistans er eftirfarandi:

Börn búsett í Reykjanesbæ	
Börn fædd 2018	1 barn
Börn fædd 2019	2 börn
Börn fædd 2020	7 börn
Börn fædd 2021	3 börn
Alls	13 börn

Börn búsett í öðrum sveitarfélögum	
Alls	9 börn

Umrædd börn eru á mismunandi aldri og búa í mismunandi hverfum bæjarins en ljóst er að þau gætu öll fengið leikskólapláss á Skólavegi 1.

Leikskólar í uppbyggingu, leikskólinn í Drekaðal og í Hlíðarhverfi geta tekið á móti börnum árið 2024, Drekaðalur mögulega um sumarið en Hlíðarleikskóli um haustið. Uppbygging í Stapaleikskóla klárast 2025.

Staðan er því þannig í dag að allir leikskólar hafa tekið börn inn aukalega nema Heiðarsel sem á í húsnæðisvanda vegna rakamála.

Ef ekkert verður að gert mun ekkert barn fá pláss á leikskólum okkar fyrr en í fyrsta lagi um mitt ár 2024.

Mælir því stýrihópurinn sterklega með að bæjarráð samþykki fjárveitingu á þessu ári til að hefja framkvæmdir á Skólavegi 1 til að þar megi opna leikskóla vonandi snemma árs 2024.

Virðingarfyllst,

Guðný Birna Guðmundsdóttir,

formaður stýrihóps uppbyggingar leik- og grunnskóla

formaður Menntaráðs Reykjanesbæjar